

Miðvikudaginn 24. júní 1992.

Nr. 261/1992. **Ákærvaldið**

gegn

**Þórhalli Gauta Bárðarsyni.**

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. júní 1992. Krefst hann þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Varnaraðila var kynnt krafa ríkissaksóknara fyrir sakadómi Reykjavíkur 23. júní 1992. Tók hann undir kröfuna og taldi ekki ástæðu til að leggja fram greinargerð í málinu.

Í bréfi ríkissaksóknara er málsatvikum lýst svo:

„Kærði er sakaður um að hafa aðfaranótt föstudagsins 9. mars 1990 undir áhrifum áfengis stjórnað bifreiðinni V-2402, sem önnur bifreið dró áfram austur Borgartún í Reykjavík. Magn alkóhóls í blóðsýni úr kærða, sem tekið var í þágu rannsóknar málsins, reyndist 1,78‰.“

Kærði gekkst undir hina kærðu dómsátt í sakadómi Reykjavíkur 20. maí 1992. Með dómsáttinni var honum gert að sæta greiðslu sektar og sakarkostnaðar auk sviptingar ökuleyfis í 12 mánuði. Þar sem refsing sú, er kærði taldist hafa unnið til, fór ekki fram úr sektum, var brot hans hins vegar fyrnt, þegar dómsáttin var gerð, samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga...“

Af gögnum málsins verður eigi séð, að fyrningu sakar varnaraðila hafi verið slitið. Samkvæmt því og með vísan til röksemda ríkissaksóknara ber að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er felld úr gildi.

**Dómsátt sakadóms Reykjavíkur 20. maí 1992.**

Árið 1992, miðvikudaginn 20. maí, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur ftr.

Fyrir er tekið: Kæra á hendur Þórhalli Gauta Bárðarsyni fyrir umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: Nr. 1, bréf ríkissaksóknara, dags. 4. 2. '92, nr. 2, skjalaskrá ásamt fskj., nr. 3, saka-vottorð.

Kl. 9.45 kemur í dóminn kærði. Nafn: Þórhallur Gauti Bárðarson, staða: atvinnulaus, heimili: heimilislaus, kennitala: 130241-2989, fæðingarstaður: Ísafjörður.

Kærða er kunnbert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, sem er ölvunarastur 9. mars 1990.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,78‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig, að hann fallist á að greiða 30.000 kr. í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 100. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 12 mánuði samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, en brot hans þykir efnislega varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umfl.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin fyrir 5. nóv., en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað, kr. 3.543 kr., fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfisvæptingin gildir frá 20. 5. 1992.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðara brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.